

56. fundur

Safna- og menningarmálanefnd hélt fund miðvikudaginn 28. júní 2006 kl. 17.00 í Ráðhúsinu.

Formaður, Eypór Benediktsson, setti fund.

1. Ritari var kjörinn Erna Guðmundsdóttir.
2. Erindisbréf afhent.
Bæjarstjóri fór yfir bréfið með nefndarmönnum. Rætt um erindisbréfið.
3. Sýning systranna í sal Tónlistarskólans.
Sýningin var á vegum fráfarandi nefndar sem ný nefnd tekur við og mun væntanlega taka niður að lokum. Ræða þarf hugmyndir um hvað gert verði við myndir og annað af sýningunni.
4. Amtsbókasafnið.
Reikna má með að nefndin verði stýrihópi innan handar með umræður um þær leiðir sem raunhæfar eru um framtíðarhúsnæði bókasafns, í tengslum við grunnskóla eða á annan veg.
Bæjarstjóri kynnir skipurit stýrihóps um húsnæðismál. Ábending og umræða um að starfsaðilar í hópi um bókasafnmálin séu allir tengdir skólanum. Rætt um sjónarhorn nefndar sem skila sér hjá fulltrúa.
Formaður spyr um stöðu mála safnsins. Bæjarstjóri upplýsir erfiðleika við að fá bókasafnsfræðing. Stungið upp á að rætt verði við fyrrverandi forstöðumann af fulltrúa nýrrar nefndar. Núverandi starfsmaður heldur áfram við að pakka bókum til flutnings. Skv. leigusamningi á Skipavík að losa verslunarhúsnæði við Hafnargötu í september.
5. Ljósmyndasafn Stykkishólms.
Formaður kynnir tilurð safnsins. Með drögum að samþykkt f. Ljósmyndasafn Stykkishólms sem vísað er til nefndarinnar af bæjarráði er ætlunin að setja starfsemi safnsins ákveðinn starfsramma. Nefndin mun fara yfir drög að samþykktum ljósmyndasafns og leita umsagnar framkvæmdanefndar.
6. Önnur mál.
Fundartími. Samþykkt að stefna að fundi nefndarinnar í júlí. Einnig talað um ákveðna fundartíma í framtíðinni.

Fundi slitið kl. 18.10.

Erna Guðmundsdóttir, fundarritari (sign.),

Guðrún Erna Magnúsdóttir (sign.),

Magnús A. Sigurðsson (sign.),

Erla Friðriksdóttir (sign.).

Dagbjört Höskuldóttir (sign.),

Eypór Benediktsson (sign.),